

**Hákon Jensson**

## **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Syðri-Varðgjá.**



**Búnaðarsamband Eyjafjarðar**

**Rannsóknarskýrslur 2025/11**



Forsíðumynd: Horft yfir deiliskipulagssvæðið á Syðri-Varðgjá, mynd er tekin í norðvestur.



©Hákon Jensson  
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,  
Akureyri 2025/11

## **EFNISYFIRLIT**

|                                    |   |
|------------------------------------|---|
| INNGANGUR.....                     | 1 |
| TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR..... | 1 |
| AÐFERÐIR.....                      | 3 |
| FORNLEIFASKRÁNING.....             | 3 |
| SAMANTEKT.....                     | 8 |
| HEIMILDASKRÁ.....                  | 9 |

## 1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Syðri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit. Afmarkað svæði er um 14,3 ha og liggur austan við Veigastaðaveg (828) og er í kringum gamla bæjarstæðið. Í norður liggur svæðið að landamerkjum Ytri-Varðgjár, í suður að lóðinni Smáralæk og aðeins inn fyrir landamerki Kotru. Austurmörk er í brekkunum um 280 m austan við gamla húsið á Syðri-Varðgjá.

Gömul fornleifaskráning var til af svæðinu sem þarfnaðist uppfærslu. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í október 2025.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3522.

## 2. Tilgangur fornleifaskráningar

Meginmarkmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.<sup>1</sup> Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.<sup>2</sup>

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

---

<sup>1</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

<sup>2</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”<sup>3</sup>

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”<sup>4</sup>

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”<sup>5</sup>

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”<sup>5</sup>

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.<sup>6</sup>

<sup>3</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>4</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>5</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>6</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

### 3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, loftmyndir og niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimildamanni. Til var eldri fornleifaskráning af jörðinni<sup>7</sup> sem þarfnaðist uppfærslu miðað við núverandi staðla. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem gengið var skipulega um svæðið. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar.

Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 1998.

### 4. Fornleifaskráning

Ekki er fjallað sérstaklega um sögu Syðri-Varðgjá þar sem þegar er búið að fjalla um hana í fornleifaskráningu á deiliskipulagi á Kotru sem er land úr landi Syðri-Varðgjár.<sup>8</sup> Upphaflega voru Syðri- og Ytri-Varðgjá ein jörð og kallaðist þá Varðgjá. Í kringum 1650 er jörðunum skipt í tvennt og varð þá til Ytri-Varðgjá en eldri jörðin fékk nafnið Syðri-Varðgjá.<sup>9</sup>

**Fornleifanúmer: 3522-01**

Hnit: A544503.4 N574959.8 ISN93

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Syðri-Varðgjár segir: „Syðri-Varðgjárbær stóð fyrrum neðar...“<sup>10</sup> Í eldri fornleifaskráningu eru minjarnar með númerið SP001- 001(A) og þar segir að ekki sjáist til fornleifa vegna bygginga.<sup>11</sup> Samkvæmt heimildarmanni er gamla bæjarstæðið þar sem húsið á lóðinni Brekkulæk stendur nú.<sup>12</sup> Það hús var byggt 1983<sup>13</sup> og er stór lóð í kringum húsið. Engar leifar af eldri mannvirkjum eru sýnilegar á staðnum.

**Fornleifanúmer: 3522-02**

Hnit: A544506.5 N574936.8 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var sáðreitur fast sunnan við bæjarstæðið, núna stendur þar húsið á lóðinni Brekkulæk og sléttur garður í kring, engin ummerki eru á svæðinu um eldri mannvirki.

**Fornleifanúmer: 3522-03**

Hnit: A544487.3 N574944.6 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var sáðreitur skammt vestan við bæjarstæðið. Þar er núna lóð og svo tún fyrir neðan, engin ummerki eru á svæðinu um eldri mannvirki.

---

<sup>7</sup> Orri og Adolf, 1994, bls. 72-74.

<sup>8</sup> Hákon, 2019, bls. 4

<sup>9</sup> Stefán, 2019, bls. 2121.

<sup>10</sup> Örnefnaskrá Syðri-Varðgjár, bls. 5.

<sup>11</sup> Orri og Adolf, 1994, bls. 72.

<sup>12</sup> Sveinn Egilsson, munnleg heimild.

<sup>13</sup> HMS – Vefuppfletti fasteignaskrár.

**Fornleifanúmer:** 3522-04

Hnit: A544541.1 N574929.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús í kringum 30 m suðaustur af bæjarstæðinu. Í eldri fornleifaskýrslu eru minjarnar með númerið með númerið SP001- 003 (A) og þar segir að ekki sjáist til fornleifa vegna rasks.<sup>14</sup> Svæðið hefur verið raskað mikið og ekki var hægt að sjá ummerki um eldri mannvirki við vettvangskönnun eða á loftmyndum.

**Fornleifanúmer:** 3522-05

Hnit: A544558.8 N575033.0 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Syðri-Varðgjár segir: „Syðri-Varðgjárbær stóð fyrrum neðar, en fjárhúsin voru þar, sem bæjarhúsin standa nú.“<sup>15</sup> Á túnakortinu er útihús á svipuðum slóðum og bæjarhúsin standa nú. Bæjarhúsin voru byggð 1920<sup>16</sup> og engin ummerki um eldri mannvirki á staðnum. Í eldri fornleifaskýrslu eru minjarnar með númerið með númerið SP001- 002 (A) og þar segir að ekki sjáist til fornleifa vegna bygginga.<sup>17</sup>

**Fornleifanúmer:** 3522-06

Hnit: A544615.4 N575052.4 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 50 m austan við húsið á Syðri-Varðgjá, upp á brekku eru leifar af garðlagi. Garðlagið er um 7 m langt, hæð 0,3-0,4 m og breidd 0,7-0,8 m. Líklega er þetta sama garðlag og nr. 3130-09 sem var skráð í tengslum við deiliskipulag á Ytri-Varðgjá.<sup>18</sup> Það liggur í sömu stefnu, en rofnar skammt norður frá Millibæjarlæknum og sést svo aftur sunnan við hann upp á brekkubrúninni.

---

<sup>14</sup> Orri og Adolf, 1994, bls. 73.

<sup>15</sup> Örnefnaskrá Syðri-Varðgjár, bls. 5.

<sup>16</sup> HMS – Vefuppfletti fasteignaskrár.

<sup>17</sup> Orri og Adolf, 1994, bls. 72.

<sup>18</sup> Hákon Jensson, 2023, bls. 4-5.





*Mynd 1 Túngarður, mynd er tekin í norður.*

**Fornleifanúmer: 3522-07**

Hnit: A544496.4 N574845.7 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Á túnakortinu voru tóftir suðvestur af gamla bæjarstæðinu og í eldri fornleifaskýrslu eru minjarnar með númerið SP-001-004 (A) og þar segir að hleðslur hafi verið signar.<sup>19</sup> Í gömlu túni um 100 m suðvestur af húsinu á lóðinni Brekkulæk eru tóftir af fjárhúsum sem eru enn mjög greinilegar. Húsið er tvískipt og umfang þess um 17x14 m, og stendur opið í vestur. Hæð hleðsla er um 0,4-0,5 m og breidd 1,8-2,2 m. Gróðurinn í syðri hólfinu var áberandi grænni og það virtist jafna votta fyrir leifum af jötu en erfitt var að mæla það upp vegna mikils gróðurfars í tóft. Á svipuðum slóðum var mittisdjúp hola sem gróðurinn huldi og samkvæmt heimildarmanni þá var steyp t kindabað í fjárhúsunum.<sup>20</sup>

---

<sup>19</sup> Orri og Adolf, 1994, bls. 73.

<sup>20</sup> Sveinn, Egilsson, munnleg heimild.





*Mynd 2 Fjánhús tóftir, mynd er tekin í suðvestur.*

**Fornleifanúmer: 3522-08**

Hnit: A544516.1 N574881.4 ISN93

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Syðri-Varðgjár segir: „Syðri-Varðgjárbær stóð fyrrum neðar, en fjárhúsin voru þar, sem bæjarhúsin standa nú. Beint suður frá íbúðarhúsinu er Kvíavöllur (gamla túnið).“<sup>21</sup>

Engin ummerki um kvíar á svæðinu aðeins slétt tún og heimildarmaður kannaðist ekki við neinar tóftir þarna, hafa líklega fengið að víkja fyrir túnasléttun. Í eldri fornleifaskýrslu eru minjarnar með númerið SP-001-005 (A) og þar segir að ekki sjáist til fornleifa.<sup>22</sup>

**Fornleifanúmer: 3522-09**

Hnit: A544497.1 N574809.1 ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Syðri-Varðgjár segir: „Syðri-Varðgjárbær stóð fyrrum neðar, en fjárhúsin voru þar, sem bæjarhúsin standa nú. Beint suður frá íbúðarhúsinu er Kvíavöllur (gamla túnið). Neðar þar er syðra er Suðurtún og Húsagilsvöllur. Gerði hét þar sunnan við, en þarna er nú allt orðið mjög breytt.“<sup>23</sup> Engin ummerki um gerði á svæðinu aðeins slétt tún og heimildarmaður kannaðist ekki við neinar tóftir þarna, hafa líklega fengið að víkja fyrir túnasléttun. Í eldri fornleifaskýrslu eru minjarnar með númerið SP-001-006 (A) og þar segir að ekki sjáist til fornleifa.<sup>24</sup>


<sup>21</sup> Örnefnaskrá Syðri-Varðgjár, bls. 5.

<sup>22</sup> Orri og Adolf, 1994, bls. 73.

<sup>23</sup> Örnefnaskrá Syðri-Varðgjár, bls. 5.

<sup>24</sup> Orri og Adolf, 1994, bls. 73.





|       |                  |         |               |                                                                                                                 |                                                                                               |
|-------|------------------|---------|---------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------|
| nafn: | SYÐRI-VARÐGJÁ    | teikn.  | 06.11.2025 hj | Skýringar: Afmörkun deiliskipulagssvæðis á Syðri-Varðgjá og fornleifar og heimildir um fornleifar innan svæðis. | BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR<br>Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
|       | EYJAFJARÐARSVEIT | mælikv. | 1:3000 í A4   |                                                                                                                 | Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998.                                |

## 5. Samantekt

Í þessari fornleifaskráningu af deiliskipulagi á Syðri-Varðgjá voru níu minjastaðir skráðir og þar af sjö sem aðeins voru til sem heimildir. Flestir þeirra virðast hafa horfið við túnaræktun eða þurft að víkja fyrir nýrri byggingum. Ekki fundust heimildir um fleiri staði hvorki í heimildum né á loftmyndum.

Þrátt fyrir að fleiri minjar hafi ekki fundist innan svæðis þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 14. nóvember 2025

Hákon Jensson



## 6. Heimildaskrá

Hákon Jensson. (2019). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Kotru (Syðri-Varðgjá) í Eyjafjarðarsveit. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Rannsóknarskýrslur 2019/3.

Hákon Jensson. (2023). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit vegna íbúðabyggingar. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Rannsóknarskýrslur 2023/5.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða HMS, vefuppfletti fasteignarskrár. Sótt af <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit> Skoðað 13.11.2025.

Heimasíða Minjastofnunar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Stefán Aðalsteinsson. (2019). Eyfirðingar V Öngulsstaðahreppur, síðari hluti, Eyfirðingar, framan Glerár og Varðgjár. Akureyri. Sögufélag Eyfirðinga. Akureyri.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri. Akureyri.

### **Túnakort:**

Túnakort fyrir Syðri-Varðgjá. Ummálsdráttur samkvæm. mæl. 1917. Ytri-Tjörnum 31. jan. 1918 Kr. H. Benjamínsson.

### **Örnefnaskrár:**

Jóhannes Óli Sæmundsson. Örnefni í Öngulsstaðahreppi. Syðri-Varðgjá. Örnefnastofnun.

### **Heimildarmenn:**

Sveinn Egilsson, 1958, Brekkulæk, Eyjafjarðarsveit.